

Umhverfis- og orkustofnun
Norðurslóð Borgum,
600 Akureyri

Garðabær, 19. nóvember 2025
202510-0117/A.B.
08.05

Efni: Umsögn – Umsókn um leyfi til rannsókna á grunnvatni við Fossvallaklif, Mosfellsbæ - Umhverfis- og orkustofnun.

Vísað er til erindis Umhverfis- og orkustofnunar er barst 29. október sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um umsókn um leyfi til rannsókna á grunnvatni við Fossvallaklif, Mosfellsbæ.

Í erindinu kemur fram: „Orkustofnun tók á móti umsókn Mosfellsveitna, kt. 470269-5969, þann 27. mars 2024, þar sem á grundvelli laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, var sótt um leyfi til rannsókna, til 5 ára, á grunnvatni við Fossvallaklif, Mosfellsbæ. Í kjölfar yfirferðar Orkustofnunar á innsendum gögnum óskaði stofnunin eftir viðbótarupplýsingum þann 10. júlí 2024. Uppfærð, meðfylgjandi, umsókn var send 19. júní 2025 (dagsett 26.3.2024) til Umhverfis- og orkustofnunar. Eftir nokkrar breytingar, á afmörkun rannsóknasvæðis, og viðbótarupplýsingar var umsóknin tilbúin til úrvinnslu þann 22. október sl.

Orkustofnun var lögð niður 31. desember 2024 og þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun við verkefnum Orkustofnunar, sbr. lög nr. 110/2024.

Samkvæmt 5. gr. auðlindalaga felur rannsóknarleyfi í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögnum og Umhverfis- og orkustofnun telur nauðsynlega. Rannsóknarleyfi felur ekki í sér heimild né vilyrði um nýtingarleyfi.

Með vísan til 4. mgr. 5. gr. auðlindalaga er hér með óskað umsagnar Náttúruverndarstofnunar, varðandi lögbundin verkefni stofnunarinnar, um framkomna umsókn Mosfellsveitna um rannsóknarleyfi við Fossvallaklif, á svæði sem nánar er afmarkað og sýnt á korti í meðfylgjandi umsókn og í fylgiskjali hér með.

Þess er óskað að umsögnin berist Umhverfis- og orkustofnun eigi síðar en **20. nóvember nk**. Berist umsögn ekki fyrir tilgreindan tíma lítur Umhverfis- og orkustofnun svo á að ekki séu gerðar athugasemdir við umsóknina. Umsögn má senda rafrænt á netfangið uos@uos.is.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að rannsóknarsvæðið liggur að stöðuvötnum. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Mikilvægt er að sett séu skilyrði um vernd bakkagróðurs.

Vötn

Náttúruverndarstofnun bendir á að stöðuvötnin innan rannsóknarsvæðisins njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin við gerð leyfisins og sett skilyrði um að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ef framkvæmdin og nýtingin gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Framkvæmd

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Vistgerðir og fuglalíf

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar¹ eru innan rannsóknarsvæðisins m.a. vistgerðir sem eru með hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Innan þessara vistgerða getur verið ríkt fuglalíf og bendir Náttúruverndarstofnun á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar af leiðandi er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.

Þar sem framkvæmdasvæðið getur verið kjörið búsvæði margra mófugla er mikilvægt að halda framkvæmdum — ef af þeim verður — í lágmarki á varptíma. Stofnunin bendir á góða samantekt forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.²

Aðgengi og utanvegaakstur

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er akstur utan vega óheimill. Þó er heimilt, ef nauðsyn krefur, vegna starfa við rannsóknir að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt. Í reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands nr. 528/2005 er hugtakið rannsóknir skilgreint sem lögbundnar rannsóknir og aðrar rannsóknir sem eru í samræmi við leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum. Í greinargerð umsækjanda kemur fram að við borun rannsóknaholanna verður miðað við að staðsetja þær sem næst fyrirliggjandi vegum og slóðum að svæðinu þ.a. jarðrask verði sem minnst. Ef keyrt er fyrir utan vegi telst slíkt til utanvegaakstur og er því aðeins heimill ef hann er nauðsynlegur fyrir rannsóknina og ekki unnt að vinna hana með öðrum hætti.

Náttúruverndarstofnun bendir á að rannsóknarsvæðið er að mestu óraskað náttúrusvæði, fyrir utan nokkra eldri slóða sem nýta mætti að hluta. Óheftur akstur utan vega getur haft veruleg áhrif á gróður, jarðvegsþekju og vistgerðir, sérstaklega á svæðum með votlendi eða laus jarðefni, þar sem varanleg sporför og átroðningur geta myndast. Stofnunin leggur

¹ Náttúrufræðistofnun – Vistgerðarkort

² Tómas Grétar Gunnarsson, 7. maí 2025. Að taka tillit til mófugla á varptíma, Þoka. Sótt 28. ágúst

áherslu á að skilyrði verði sett í leyfisákvörðun um að akstur utan vega verði takmarkaður við það sem telst óhjákvæmilegt, að akstursleiðir verði ákveðnar og merktar fyrirfram í samráði við leyfisveitanda, og að tryggt verði að gengið sé frá raski strax að rannsóknum loknum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sigrún Valgarðsdóttir
sérfræðingur